



Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. mars 2019
Tilv.: UMH19030011/52-0

Efni: Svar við fyrirspurn sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 2. mars 2019.

Vísað er til tölvupóstar Bryndísa Bjarnarsonar f.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar frá 2. mars sl. Þar er farið fram á skýringar umhverfis- og auðlindaráðuneytisins á því að Landvernd hafi verið synjað um áframhaldandi styrk til loftlagsverkefnis sem unnið var í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð.

Landvernd sótti um verkefnastyrk til umhverfis- og auðlindaráðuneytis vegna verkefnisins Öndum léttar (hét áður Loftslagsverkefni) hinn 13. desember 2018. Með bréfi dags. 5. febrúar sl. synjaði ráðuneytið beiðninni. Ráðuneytið bendir á að ákvörðun um veitingu verkefnastyrks er stjórnvaldsákvörðun. Um stjórnvaldsákvörðanir gilda stjórnslulög nr. 37/1993. Samkvæmt 21. gr. stjórnslulaga getur aðili máls krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Ljóst er að það var Landvernd sem sótti um umræddan verkefnastyrk og telst því vera aðili máls í skilningi stjórnslulaga. Ráðuneytinu ber ekki að rökstyðja ákvörðun sína nema ef aðili máls krefst þess og hefur Landvernd ekki farið fram á slíkan rökstuðning. Ráðuneytið hafnar því beiðni Sveitarfélagsins Hornafjarðar um skýringar á synjun ráðuneytisins á beiðni Landverndar um framangreindan verkefnastyrk. Hins vegar er meðfylgjandi til upplýsinga afrit af afgreiðslu ráðuneytisins á beiðni um verkefnastyrk fyrir árin 2017-2018 og árið 2019.

Fyrir hönd ráðherra

Stefán Guðmundsson

Reynir Jónsson